



**Embætti  
landlæknis**  
Directorate of Health

## Reglur um símenntun starfsmanna Embættis landlæknis

Reglur þessar eru settar sem viðauki við stofnanasamning Embættis landlæknis við Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins, Félag íslenskra félagsvísindamanna, Félagssráðgjafafélag Íslands, Fræðagarð, Ljósmeðrafélag Íslands, Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga, Stéttarfélag háskólamanna á matvæla- og næringarsviði, Stéttarfélag lögfræðinga, Sálfræðingafélag Íslands, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga og Lyfjafræðingafélag Íslands.

Allir starfsmenn Embættis landlæknis falla undir þessar reglur, að undanskildum sviðsstjórum og læknum. Reglurnar skerða ekki þau tækifæri til símenntunar sem tilgreind eru í kjarasamningum, heldur gilda þau viðmið sem betur nýtast starfsmönnum hverju sinni.

### Skilgreining símenntunar

Símenntun felur í sér skipulega þekkingarleit sem hefur það að markmiði að efla þekkingu, kunnáttu og færni starfsmanna þannig að þeir geti betur sinnt starfi sínu. Símenntun styður við starfsþróun starfsmanna þannig að þeir geti þróast í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til þeirra í starfi í síbreytilegu umhverfi. Í mannauðsstefnu embættisins er kveðið á um að starfsfólk þrói faglega hæfni sína og getu til að takast á við dagleg og ný verkefni með reglulegri endurmenntun og fræðslu í samráði við næsta yfirmann og í stofnanasamningi er enn fremur kveðið á um að hæfni starfsfólks verði aukin með markvissri endurmenntun.

### Tækifæri til símenntunar

Starfsmenn skulu alla jafna hafa tækifæri til árlegrar símenntunar til að viðhalda og auka þekkingu sína og færni í samráði við sviðsstjóra að því gefnu að hún nýtist þeim í starfi. Jafnframt er það réttur starfsmanna samkvæmt kjarasamningum að hafa tækifæri til að viðhalda og efla þekkingu sína. Til símenntunar teljast m.a. námskeið, þátttaka á ráðstefnum, kynnisferðir á sambærilega vinnustaði og formlegt nám samhliða starfi.

### Símenntunarnefnd

Símenntunarnefnd hefur yfirumsjón með símenntun starfsmanna. Í símenntunarnefnd situr sviðsstjóri rekstrar og þjónustu, fjármálastjóri og tveir kjörnir fulltrúar starfsmanna (skipaðir til tveggja ára í senn). Hlutverk nefndarinnar er:

- að endurskoða árlega símenntunaráætlun Embættis landlæknis í kjölfar starfsmannaviðtala.
- að samræma óskir um símenntun milli sviða.
- að líta eftir því að upplýsingar um nám starfsmanna séu skráðar skipulega og tryggja að greiðslur séu í samræmi við ákvæði kjarasamninga um símenntun.
- að tryggja sem besta nýtingu á námskeiðum sem haldin eru.
- að úthluta styrkjum úr endurmenntunarsjóði til starfsmanna í samræmi við reglur sjóðsins.

Handwritten signatures in blue ink, including initials like 'KB' and 'AB'.

Sviðsstjórar eru ábyrgir fyrir gerð, framkvæmd, eftirfylgni og viðhaldi símenntunaráætlunar fyrir sitt svið. Jafnframt bera þeir ábyrgð á því að framkvæmdin sé í samræmi við úthlutað fjármagn. Símenntunaráætlun hvers starfsmanns skal unnin í samvinnu sviðsstjóra og starfsmanns, rædd í starfsmannasamtali og endurskoðuð í framhaldi af því.

### Fjármagn til símenntunarsjóðs

Á fjárhagsáætlun hvers árs skal framkvæmdastjórn Embættis landlæknis marka fjármagn sem ráðstafa skal til til símenntunar starfsmanna. Stefnt skal að því að sú fjárhæð nemi um **0,4%** af áætluðum launum og launatengdum gjöldum embættisins hvert ár, að frádregnum lífeyrisskuldbindingum. Ákvörðun um hlutfallið skal embættið taka árlega við gerð fjárhagsáætlunar og bóka í fundargerð, en huga skal sérstaklega að því að lækka ekki hlutfallið.

### Umsóknir í símenntunarsjóð

Óski starfsmaður eftir símenntun sem greiða þarf fyrir sækir hann um á þar til gerðu eyðublaði og sendir sviðsstjóra og símenntunarnefnd. Sviðsstjóri getur þó tekið ákvörðun um minniháttar fjárhæðir vegna þátttöku starfsmanna sinna í faglegum viðburðum, án þess að það sé tekið af fjármagni símenntunarsjóðs. Í slíkum tilvikum er umsókn send beint til sviðsstjóra sem afgreiðir umsóknina og kemur símenntunarnefnd því ekki að þeirri ákvörðun.

Sækja skal um styrk til símenntunarnefndar og viðkomandi sviðsstjóra. Umsóknarfrestur skal vera tvisvar á hverju ári: (1) Þriðja fimmtudag í febrúar og (2) þriðja fimmtudag í ágúst. Símenntunarnefnd hefur umsjón með sjóðnum og skal fylgjast með því að úthlutanir hvers sviðs séu í samræmi við símenntunar- og fjárhagsáætlun embættisins. Símenntunarnefnd skal setja sér starfsreglur fyrir 1. ágúst 2014 og skulu þær endurskoðaðar árlega.

### Lengra nám

Um lengri endurmenntun og framhaldsnám fer skv. ákvæðum kjarasamninga viðkomandi stéttarfélaga og fjármálaráðherra.

Reglur þessar taka gildi við undirritun stofnanasamningsins, 27. mars 2014

